

Maí fréttabréf Kirkjubóls

Marta, leikskólastjóri kemur aftur til starfa eftir helgi en ég verð áfram hér sem aðstoðarleikskólastjóri og ykkur er velkomið að leita til mín ef eitthvað er.

Hrafnhildur og Elena hætta hjá okkur seinnipartinn í maí og byrjun júní en vonandi koma þær aftur til okkar í haust. Í þeirra stað kemur hún Birta aftur til okkar, sem var á Lundi. Í sumar fáum við svo nokkra sumarstarfsmenn til okkar sem leysa af okkar frábæra starfsfólk í þeirra sumarleyfum. Nú í fyrsta skipti var ráðinn flokkstjóri sem heldur utan um sumarstarfsfólkið okkar ásamt okkur leikskólastjórum. Flokkstjórinn kemur svo til með að vera með elstu börnunum sem fara í frístund í Flataskóla frá 14. – 21. ágúst. Flokkstjórar frá Ökrum, Hæðarbóli og Lundarbóli verða í Hofsstaðarskóla. Ég vil minna ykkur á að sækja þarf um fyrir barnið ef það ætlar að vera í frístund á þessum tíma (á við um börn fædd 2010).

Við vinnum áfram með hreyfi- og umhverfisgreindirnar og ætlum að nota góða verðið í vettvangsferðir og útiveru með hækkandi sól. Við fórum að tína rusl í nærumhverfi skólans á degi umhverfisins og í tengslum við hreinsunaráttak hjá bænum. Sjá má myndir frá því á heimasíðunni, www.kirkjubolid.is

Nú er sólin farin að láta sjá sig, dag og dag og þá er mikilvægt að bera sólarvörn á börnin að morgni, sérstaklega börnin sem eru með viðkvæma húð og við bætum svo á þau eftir hádegi. Einnig er gott að huga að því að fara að leggja þykku húfunum og koma með léttari fatnað.

Nú liggja fyrir niðurstöður úr foreldrakönnun og verða þær settar inn á heimasíðu skólans í sumar. Helstu niðurstöður eru þessar:

Daglegt leikskólastarf

- Ánægja með leikskólann 79,6 %
- Stjórnendndur sýnilegir í daglegu starfi 87,5 %
- Ánægja barnsins í leikskólanum 97,8 %
- Hæfilegur fjöldi barna á deild 90,7 %
- Hollt mataræði 94 %

Námsumhverfi

- Vinnubrögð 95,5 % - **lágt svarhlutfall**
- Aðstaða 69,2 % - **lágt svarhlutfall**
- Félagsleg samskipti 100 % - **lágt svarhlutfall**
- Þátttaka án aðgreiningar 100 %

Samskipti við foreldra

- Upplýsingamiðlun 51 %
- Þekking á stefnu og námskrá leikskólans 72,5 %

Maí fréttabréf Kirkjubóls

- Tengsl við starfsfólk leikskólans 98 %
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu 80,9 %
- Tímasetning viðburða 85,4 %
- Heimasíða leikskólans 75 %

Upphaf og lok leikskólagöngu

- Leikskólabyrjun 64,3 %
- Flutningur milli skólastiga 75 %
- Flutningur milli deilda 78,6 % - **lágt svarhlutfall**

Það sem sló okkur einna mest í henni var hvað upplýsingamiðlun er slök hjá okkur og viljum við leita til ykkar með hugmyndir hvernig við getum bætt það hjá okkur. Við vorum að því komin að setja á fót facebook-síður fyrir hverja deild en nú er verið að innleiða nýtt kerfi hjá bænum sem ég tel að foreldrar verði ánægðir með. Það heitir Karella og er vefur og app sem foreldrar geta sótt í símann sinn. Þar verða settar inn upplýsingar um barnið, myndir og það sem er á döfinni. Við erum bara rétt að byrja að kynna okkur þetta og óskum eftir foreldrum til að koma með okkur í samstarf til að prufa kerfið nú á næstunni. Vonandi verður þetta komið í gagnið fljótlega næsta vetur.

Viðburðir í maí:

01. maí – Verkalýðsdagurinn – **Leikskólinn lokaður**

05. maí - Opið hús frá 15.00 – 17.00

10. maí – Sveitaferð eftir hádegi með foreldrum, skráning á deildum

11. maí – Vorskóli í Hofsstaðaskóla með foreldrum 14.30 – 16.00

12. maí – Vorskóli í Flataskóla 9.00 – 11.00, kennarar fara með börnin

16. maí – Útskriftarferð elstu barnanna í Vatnaskóg frá kl. 9.00 – 17.00

25. maí – Uppstigningardagur – **Leikskólinn lokaður**

26. maí – Skipulagsdagur – **Leikskólinn lokaður, unnið verður að endurmati á vorönn ásamt skipulagi fyrir sumarið.**

Að lokum vil ég þakka ykkur fyrir góða samvinnu í vetur og vona að hún eigi bara eftir að eflast.

Ásta Kristín
Aðstoðarleikskólastjóri